

LÖGREGLUSAMÞYKKT

fyrir Vestmannaeyjar

I. KAFLI

Um reglur og velsæmi á almannafæri

1. gr.

Uppþot og hvers konar óspektir eru bönnuð á almannafæri. Ekki mega menn safnast saman á almannafæri, svo að til tálma sé fyrir umferðina, eða til óþæginda fyrir viðstadda. Með almannafæri er átt við vegi og svæði, sem almenningur fer um eða ætluð eru til almenningsafnota, svo sem hátíðarsvæði, leikvangur, torg og bryggjur, svo og afgreiðslustaði bifreiða og annarra samgöngutækja. Um veitingastaði, kvikmyndahús og önnur samkomuhús, knattborðstofur o.þ.h. gilda ákvæði samþykktar þessarar, eftir því sem við á.

2. gr.

Þegar fjölmenni safnast saman á almannafæri, þar á meðal við dyr kyrkna, sölubúða, leikhúsa eða annarra samkomuhúsa eða annars staðar, þar sem almenningur kemur saman, skal fólk raða sér þannig, að þeir sem fyrstir koma fái fyrstir afgreiðslu, og haga sér í öllu eftir þeim fyrirmælum sem lögreglan eða umsjónarmaður setur, til að viðhalda góðri reglu.

3. gr.

Bannað er að raska næturró manna að óþörfu. Enginn má að ástæðulausu berja á dyr eða glugga, hringja dyrabjöllu eða í síma eða hafast neitt það að, sem valdið getur ónæði eða ótta.

4. gr.

Á almannafæri má ekki fljúgast á, æpa eða hafa í frammi annan hávaða, sem veldur ónæði eða raskar allsherjarreglu.

5. gr.

Á fjölförnum vegum, eða þar sem hætta getur stafað af, má ekki hafa leiki um hönd, renna sér á sleðum eða skautum, þannig að trufla umferð eða valdi hættu. Lögreglustjóri getur þó heimilað leiki barna og sleðaferðir á tilteknum vegum og svæðum, enda séu þá gerðar nauðsynlegar varúðarráðstafanir. Bannað er að hanga aftan í bifreiðum eða öðrum farartækjum, sem eru á ferð.

6. gr.

Bannað er að kasta snjókúlum, grjóti eða öðru því, sem valdið getur vegfarendum tjóni eða óþægindum. Eigi má kveikja í sprengiefnum á almannafæri, né bera þar logandi blys eða kyndla, nema með leyfi lögreglustjóra. Öll meðferð og notkun hvellsprengja er bönnuð.

7. gr.

Hvers konar notkun skotvopna er bönnuð á Heimalandinu. Þó getur lögreglustjóri veitt einstökum mönnum undanþágu til að aflífa þar dýr eða eyða varfugli. Einnig getur lögreglustjóri og bæjarstjórn veitt skotfélögum undanþágu fyrir sérstök, afmörkuð æfingasvæði. Að öðru leyti gilda áfram ákvæði samþykktar um fuglaveiði í Vestmannaeyjum, frá 16. júní 1955.

8. gr.

Enginn má klæðast né hegða sér þannig á almannafæri, að hann misbjóði almennu velsæmi eða geti raskað allsherjarreglu.

9. gr.

Hver sá, sem staddur er á almannafæri, er skyldur að segja til nafns síns og heimilis, þegar lögreglan krefst þess.

10. gr.

Almenningi er skylt að hlíða öllum skipunum lögreglumanna, er þeir gefa til þess að stjórna umferð, eða halda uppi góðri reglu á almannafæri. Ef nauðsyn ber til, geta lögreglumenn kvatt sér til aðstoðar hvern fulltíða mann, sem viðstaddur er, til að afstýra óreglu eða óspektum á almannafæri. Heimtingu eiga menn á fullum bótum frá lögreglustjóra fyrir tjón, er þeir kunna að bíða við slíka aðstoð á fatnaði eða limum, en lögreglustjóri á aðgang að hinum seka. Ella greiðist tjónið úr ríkissjóði.

II. KAFLI

Ákvarðanir til að afstýra tálmunum og hættum fyrir umferðina

11. gr.

Enginn má, án sérstakrar heimildar, hrófla við leiðslum, stöðvum eða öðrum búnaði þeirra stofnana, sem starfræktar eru í almenningsþágu, svo sem vatnsveitu, hitaveitu, rafveitu eða pósts og síma. Verði einhver óviljandi valdur að slíku, skal tilkynna það þegar í stað hlutaðeigandi stofnun. Óheimilt er að tálma eða trufla starfsemi slökkviliðs, lögreglu, hjálparsveita eða annarra þeirra, sem annast öryggisþjónustu í þágu almennings.

12. gr.

Óheimilt er að stunda á almannafæri atvinnu, sem er til tálmunar fyrir umferðina. Sala hvers konar varnings utan sölubúða er bönnuð, með þeim undanþágum sem taldar eru í þessari grein. Blöð og bæklinga má selja á almannafæri svo og aðgöngumiða að íþróttaleikjum. Merki, happdrættismiða, dagskrár, aðgöngumiða að útihátíðum og annað þessu skylt má selja á almannafæri, að fengnu leyfi lögreglustjóra. Lögreglustjóri getur og veitt heimild til sölu varnings á tilgreindum svæðum utanhúss og til farandsölu, að uppfylltum skilyrðum laga um verzlunaratvinnu.

13. gr.

Gangstéttir meðfram götum og gangstígar eru eingöngu ætlaðir gangandi mönnum. Um þær má ekki fara á reiðhjóli eða flytja eftir þeim neitt það, sem vegfarendum getur stafað hættu eða truflun af.

14. gr.

Óheimilt er að tálma umferð um vegi, umfram það sem nauðsynlegt kann að vera vegna verklegra framkvæmda eða vöruflutninga. Ökutæki eða varningur má ekki skilja eftir á vegum lengur en brýna nauðsyn ber til og aldrei á gangstéttum. Heimilt er lögreglustjóra að láta fjarlægja slíkt á kostnað eiganda. Bæjarstjórn getur ákveðið í samráði við lögreglustjóra hvar á vegum bifreiðar mega standa og getur sett reglur um notkun stöðureita og ákveðið gjald fyrir þær.

15. gr.

Ekkert má hafa það í opnum gluggum, sem niður getur fallið á vegi og valdið skaða þeim er um fara, og ekki má heldur leggja eða hengja neitt það upp á hús eða hafa laust á húsum uppi, er skaða getur valdið vegfarendum. Húseigendur og umráðamenn húsa skulu jafnan gæta þess að hreinsa snjóhengjur og grýlukerti af húsum sínum til að fyrirbyggja hættu fyrir vegfarendur. Þakrennum og frárennslum frá þeim, skal jafnan haldið þannig við, að ekki stafi af þeim hætta né óþægindi. Gangstígum að húsum skal sömuleiðis halda vel við og ekkert má þar vera, sem vegfarendum stafar hætta af. Bera eigendur og umráðamenn húsanna ábyrgð á þeim skaða er hlýst af hirðuleysi þeirra í þessu efni.

16. gr.

Nú er hús svo hrörlegt, að hætt er við því að það eða einhver hluti þess hrynji eða fjúki og getur lögreglustjóri þá bannað að nota húsið og lagt fyrir eigandann að rífa það eða endurbæta svo, innan tiltekins tíma, að hættu sé afstýrt. Ennfremur getur lögreglustjóri, á kostnað eigandans, gert aðrar ráðstafanir, sem hann telur nauðsynlegar til að afstýra hættu fyrir vegfarendur og aðra. Ákvæði þetta nær einnig til þess, þegar steinvegg eða annarri girðingu liggur við falli eða hruni.

17. gr.

Ekki má fleygja á almannafæri neinu því, sem er til óþrifa eða getur valdið vegfarendum hættu. Umráðamenn og eigendur lóða eða lenda skulu gæta þess, að á þeim safnist eigi fyrir neitt það, sem fokið getur og valdið tjóni eða er til óþrífnaðar eða lýta fyrir umhverfið. Eigi má hafa á opnum svæðum óbyrgða brunna, safnþrær, skúra eða forir, sem börnum eða öðrum vegfarendum getur stafað hætta af.

III. KAFLI

Um umferð á götum

18. gr.

Umferð um götur bæjarins skal fara eftir reglum þeim, sem settar eru í umferðarlögum á hverjum tíma.

19. gr.

Öllum vegfarendum er skylt að sýna fyllstu nærgætni gagnvart öðrum vegfarendum. Sérstaka tillitsemi skal ætíð sýna þeim, sem hafa skert sjón eða heyrn eða eru fatlaðir á annan hátt.

Heimilt er blindum og mjög sjónþöprum mönnum að auðkenna sig í umferð með því að bera borða um vinstri handlegg fyrir ofan olnboga. Borðinn skal vera a.m.k. 8 sm breiður, gulur að lit með þremur svörtum deplum, er mynda þríhyrning.

Blindum mönnum er og heimilt að auðkenna sig með því að bera göngu- eða þreifistaf með hvítu endurskini.

Skylt er að sýna sérstaka varúð gagnvart þeim, sem eru á ferð og bera framangreind merki blindra.

Blindur maður eða sjónþapur skal rétta fram hægri hönd eða slá niður staf sínum, ef hann æskir aðstoðar vegfarenda og er þá skylt að aðstoða hann.

Blindur maður eða sjónþapur, sem óskar að komast yfir götu, gefur það til kynna með því að rétta fram höndina eða stafinn og er þá ökumönnum skylt að taka tillit til hans og nema staðar, ef nauðsynlegt er.

Heyrnarlausum mönnum skal heimilt að hafa grænan borða um báða handleggi, fyrir ofan olnboga.

Öðrum en blindum mönnum og heyrnarlausum er óheimilt að bera merki þau, er hér eru tilgreind.

20. gr.

Allmennur hámarkshraði ökutækja er 50 km á klukkustund í þéttbýli. Um hámarkshraða og hraðatakmarkanir í og utan þéttbýlis vísast að öðru leyti til 37. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 með síðari breytingum. Ökumenn skulu þó ávallt gæta fyrirmæla umferðarlaga um minni ökuhraða og sérstaka varúð, svo sem þegar skyggni, umferð, ástand vegar eða aðrar sérstakar ástæður gefa tilefni til.

21. gr.

Bannað er að aka á móti eða fram hjá skruðgöngum eða hópögungum, svo sem er fólksfjöldi streymir að eða frá íþróttavelli eða öðrum fjöldasamkomum. Skal þá víkja úr vegi, ef unnt er, en nema staðar ella, meðan þær fara fram hjá.

22. gr.

Ef ástæða þykir til vegna umferðarhættu, getur lögreglustjóri bannað akstur, hjólreiðar eða aðra umferð um einstakar götur eða vegi. Heimilt er bæjarstjórn að ákveða, að tiltekna götur skuli vera göngugötur, og setja, í samráði við lögreglustjóra, sérstakar reglur um umferð á þeim, enda sé þeirra jafnan getið í samþykkt þessari.

23. gr.

Ljósatími er frá hálfri klukkustund eftir sólarlag til hálftrar klukkustundar fyrir sólarupprás, eins og fyrir er mælt í umferðarlögum.

24. gr.

Óheimilt er ökumönnum að gefa hljóðmerki, nema umferðin gefi tilefni til þess. Þeir skulu gæta þess, einkum að næurlagi, að ökutæki þeirra eða farþegar valdi eigi á einn eða annan hátt hávaða er raski friði.

25. gr.

Ökutæki sem flytur mól, sand, mold o.þ.h. skulu svo gerð, að ekki falli af þeim, þar sem farið er um. Þegar ekið er með fisk eða fiskúrgang, skal búnaður ökutækja vera þannig gerður, að ekki geti lekið af þeim slor eða annað, sem valdið getur hættu eða óþrifnaði.

26. gr.

Fasta afgreiðslu bifreiða má einungis hafa í því húsnæði eða á þeim stað sem bæjarstjórn hefur samþykkt til slíkra afnota, að fengnum tillögum lögreglustjóra. Getur bæjarstjórn veitt leyfið óákveðinn eða tiltekinn tíma í senn, takmarkað það við tiltekinn fjölda bifreiða og yfirleitt bundið leyfið þeim skilyrðum, er nauðsynleg eru að hennar dómi. Séu skilyrði bæjarstjórnar fyrir slíku leyfi rofin eða ef aðstæður breytast verulega, að hennar dómi, getur hún fellt leyfið úr gildi fyrirvaralaust. Þessi ákvæði taka einnig til núverandi bifreiðastöðva og bifreiðaafgreiðslna.

27. gr.

Hjól og belti ökutækja skulu vera þannig, að ekki skemmi þau yfirborð gatna.

28. gr.

Ekki má leggja ökutæki við vegamót, ef staða ökutækis tálmar útsýn yfir veg, eða nær vega mótum en 5 m miðað við húsalínu.

IV. KAFLI

Um hundahald

29. gr.

Hundahald er bannað í Vestmannaeyjum. Bæjarstjórn er þó heimilt að veita undanþágu til hundahalds með þeim skilyrðum, sem tilgreind eru í næstu grein hér að neðan.

30. gr.

- a) Sækja skal skriflega um undanþágu til hundahalds til bæjarskrifstofunnar. Sé undanþága veitt, skal eigandi hundsins fá afhenta merkta plötu, sem jafnan skal vera í ól um háls hundsins.
- b) Árlega skal bæjarsjóði greitt leyfisgjald fyrir þá hunda, sem leyfi er veitt fyrir. Gjaldið, sem bæjarstjórn ákveður fyrir eitt ár í senn, skal renna til þess að standa straum af kostnaði við eftirlit með hundum í kaupstaðnum og skal upphæðin við það miðuð.
- c) Skylt er hundaeigendum að vera félagi í Hundavinafélagi Vestmannaeyja og skulu félagsmenn hafa hunda sína váttryggða. Lágmarksváttryggingarfjárhæð skal vera samkvæmt ákvörðun bæjarstjórnar. Við greiðslu árlegs leyfisgjalds skal leggja fram kvittun frá tryggingarfélaginu, sem sýni, að tryggingin sé í fullu gildi.
- d) Hundur skal aldrei ganga laus á almannafæri, heldur vera í taumi í fylgd með aðila, sem hefur fullt vald yfir honum. Sé hundur bundinn á einkalóð, skal taumurinn ekki vera lengri en svo, að hundurinn komist hvergi út af lóðinni. Eigi er leyfilegt að fara með hunda inn í sjúkra- og skólahús, fiskvinnslustöðvar, matvöruverslanir eða aðra staði, þar sem matvæli eru um hönd höfð.
- e) Leyfi fyrir einstökum hundum er jafnan háð því, að þeir raski ekki ró íbúa kaupstaðarins og séu hvorki þeim né öðrum, sem um kaupstaðinn fara, til óþæginda.
- f) Hundaeiganda ber að hlíta, að öðru leyti, lögum og reglum, er hundahald varðar, þ.á.m. reglum um árlega hreinsun hunda og greiðslu hundaskatts, svo og fyrirmælum, sem heilbrigðisnefnd setur.

31. gr.

Við brot á skilyrðum fyrir undanþágu til hundahalds skal fjarlægja viðkomandi hund. Skal hundinum komið fyrir, sé um að ræða minni háttar brot, í fyrsta skipti. Eigandi hundsins verður þá að leysa hann þaðan út gegn greiðslu alls kostnaðar vegna brotsins. Sé um að ræða alvarlegt brot eða ítrekuð brot, fellur niður viðkomandi undanþága til hundahalds. Yfirvöld skulu þá ávallt gefa leyfishafa kost á því, að koma hundinum á brott úr kaupstaðnum. Bæjarstjórn er heimilt, hvenær sem er, að afturkalla leyfi fyrir einstökum hundum eða öll veitt leyfi, telji hún þess þörf.

32. gr.

Bæjarstjórn er heimilt að fela Hundavinafélagi Vestmannaeyja að framkvæma í sínu umboði þau störf, sem bæjarstjórn er falið að annast samkvæmt samþykkt þessari, enda sé fyrirgreiðsla við hundaeigendur óháð aðild að hundavinafélaginu.

V. KAFLI.

Um búfjárhald

33. gr.

Búfjárhald (nautgripa, hrossa, svína, sauðfjár, geita og alifugla) er óheimilt í Vestmannaeyjum nema með sérstöku leyfi bæjarstjórnar.

34. gr.

Sá sem hyggst sækja um leyfi samkvæmt 31. gr., skal senda um það umsókn til bæjarstjórnar. Í umsókn skal greina fjölda þess búfjár sem leyfis er óskað fyrir, hvernig geymslu þess skuli háttað og öðru, er máli kann að skipta.

35. gr.

Nú telur bæjarstjórn, að aðstæður til búfjárhalds séu fyrir hendi og getur hún þá veitt leyfi sem bundið er skilyrði m.a. um fjölda búfjár, meðferð þess og vörslur. Leyfið má veita til ákveðins tíma eða ákveða tiltekinn frest til afturköllunar þess. Leyfisveiting er þó ætíð uppsegjanleg með eins árs fyrirvara, en fyrirvaralaust, ef leyfishafi brýtur reglur um meðferð búfjár.

36. gr.

Leyfi til búfjárhalds skuldbindur ekki Vestmannaeyjakaupstað til þess að sjá leyfishöfum fyrir beitilandi handa búfé né veita þeim aðra aðstöðu til búfjárhaldsins.

Sá sem fær leyfi til búfjárhalds samkvæmt samþykkt þessari, skal ætíð hafa búféð í öruggri vörslu og ber hann fulla bótaábyrgð á öllu því tjóni, sem það kann að valda.

37. gr.

Haldi maður án heimildar búfé, sem samþykkt þessi tekur til, eða brjóti gegn skilyrðum leyfisveitingar, skal lögreglustjóri hlutast til um, að það sé tekið úr vörslu hans og er heimilt að selja það á uppboði eða láta slátra því. Allan kostnað þessu samfara skal hinn brotlegi greiða.

38. gr.

Bæjarstjórn getur ákveðið, að greiða skuli gjald fyrir veitt leyfi til búfjárhalds. Má ákveða gjald fyrir hvern grip, sem leyfi er veitt fyrir, eða ákveðna upphæð fyrir veitt leyfi.

Bæjarstjórn skal láta halda skrá um allar leyfisveitingar og sé þar getið skilyrða fyrir leyfisveitingu.

VI. KAFLI.

Um friðun almenningsigna o.fl.

39. gr.

Mannvirki og hluti, sem ætlaðir eru til almenningsnota eða til prýðis á almannafæri, má enginn skemma, lýta eða færa út stað.

40. gr.

Enginn má skemma girðingar eða klifra yfir þær eða upp um þær. Óheimilt er að troða eða spilla á annan hátt ræktuðum blettum, túnum, matjurtagörðum eða skrudgörðum manna, hvort sem er girt eða ógirt. Ekki má heldur skemma plöntur eða nokkuð annað á grasreitum manna.

41. gr.

Öllum er skylt að ganga vel og þrifalega um áningastaði sína og tjaldstæði eða þar, sem þeir á annan hátt koma saman á víðavangi.

42. gr.

Flöskur má aldrei brjóta á almannafæri eða á víðavangi. Bannað er að eyða eða spilla gróðri á víðavangi. Óheimilt er að brenna sinu nema með leyfi lögreglustjóra og skal leyfið aðeins veitt á tímabilinu frá 1. des. til 1. maí.

VII. KAFLI

Um uppfestar auglýsingar

43. gr.

Bæjarstjórn ákveður, hvar festa skuli upp auglýsingar frá yfirvöldum og öðrum stjórnvöldum. Auglýsingar um sjónleiki, samsöngva og aðrar skemmtanir sem leyft er að halda, svo og aðrar auglýsingar, má festa upp hvar sem er með samþykki hlutaðeigandi húsráðenda.

44. gr.

Uppfestar auglýsingar skulu hlutaðeigandi taka niður, þegar þær hafa fullnægt tilgangi sínum. Löglega uppfestar auglýsingar má enginn rífa niður, rissa eða skrifa neitt á þær, þeim óviðkomandi, óhreinna eða gera ólæsilegar á annan hátt.

VIII. KAFLI

Um veitingastaði, samkomuhús og almennar skemmtanir

45. gr.

Allir veitingastaðir og gististaðir fyrir almenning skulu háðir sérstöku eftirliti og skal lögreglunni heimill umgangur um húsakynni þau, sem notuð eru við reksturinn.

Veitinga- og greiðasölu má aðeins hafa um hönd í húsnæði sem að dómi heilbrigðisnefndar er til þess hæft, og bæjarstjórn hefur samþykkt. Þetta ákvæði nær einnig til þeirra veitinga- og greiðasöluhúsa, sem eru eldri en þessi samþykkt.

Á öllum gististöðum skal haldin nákvæm gestaskrá.

46. gr.

Á almennum veitingastöðum eða samkomustöðum má enginn gerast sekur um ofsafengið atferli. Þar má heldur eigi sýna af sér ósæmilega eða hneykslanlega hegðun eða hafa áhættuspil um hönd.

Eigi er heimilt að láta ölvuðum manni í té neins konar veitingar á almennum matsölustöðum.

Hverjum þeim, sem hefur á hendi veitingasölu eða selur gistingu, er skylt að gera það, sem í hans valdi stendur til að afstýra því, að nokkuð það fari fram í veitingastofu hans eða gistihúsi, sem er á móti góðri reglu og velsæmi. Skal hann sjá um, að loftræsting veitingastaða og þrifnaður sé í góðu lagi. Verði misbrestur á, að reglum þessum sé fylgt eða fullnægi veitingastaðir ekki skilyrðum 43. gr., er lögreglustjóra heimilt að banna veitingar á þessum stöðum um stundarsakir, eða fyrir fullt og allt, ef ekki er bætt úr ágöllum að gefinni aðvörun.

47. gr.

Öllum veitingastöðum, sem ekki hafa áfengisveitingaleyfi, skal loka kl. 23:30 til kl. 07:00. Leiktækjastofum skal loka kl. 22:00 til kl. 07:00.

Selja má ferðamönnum greiða á hvaða tíma sem er, ef þeir fá náttstað í veitingastaðnum eftir lokunartíma og heimilt skal félögum að halda samkvæmi, dansleik eða aðrar skemmtanir fram yfir lokunartíma að fengnu leyfi lögreglustjóra, ef eigi taka þátt í því aðrir en félagsmenn og gestir þeirra.

Enginn má reka knattborð, spilakassa eða leiktæki gegn borgun., nema með leyfi lögreglustjóra og bæjarstjórnar. Slíkt leyfi má einungis veita þeim sem hefur veitingastofuleyfi. Börnum innan við 12 ára aldurs er ekki heimill aðgangur að slíkum tækjum nema í fylgd með forráðamönnum. Ákvæði 45. og 46. gr taka til þeirra eftir því sem við á. Ef leyfishafi brýtur gegn ákvæðum greinar þessarar eða reksturinn þykir ekki fara vel út hendi getur lögreglustjóri eða bæjarstjórn svipt hann leyfinu enda hafi leyfishafi ekki látið segjast við aðvörun.

Um slit á skemmtunum og öðrum samkomum fer að lögum sem gilda á hverjum tíma og reglum sem settar eru samkvæmt þeim, nú reglugerð nr. 587/1987, sbr. reglugerð 178/1999. Allir gestir skulu fara út eigi síðar en ½ stundu eftir að lokað er, nema gestir á gististöðum, sem hafa þar náttstað eftir lokunartíma.

Bæjarstjórn getur veitt veitingastöðum, sem hafa leyfi til áfengisveitinga samkvæmt áfengislögum, heimild til að hafa opið allan sólarhringinn eða skemur eftir atvikum.

Veitingastaði, þar sem fram fer sala heitra máltíða eða fjölbreyttra kaffiveitinga, skal heimilt að hafa opna frá kl. 06:00 til kl. 02:00, enda sé slík sala meginhluti rekstrarins að dómi heilbrigðisnefndar. Heimilt er þó með leyfi lögreglustjóra, að hafa opið á föstudögum og laugardögum til kl. 03:00. Lögreglustjóri getur heimilað að skemmtanir megi standa lengur en að framan geinir, ef sérstaklega stendur á. Ennfremur mega brúðkaup og önnur boð standa fram yfir tiltekna tíma.

48. gr.

Enginn má halda sjónleiki fyrir borgun, nema hann fái til þess leyfi lögreglustjóra. Leyfi lögreglustjóra þarf einnig til að halda skemmtanir án aðgangseyrir eða í góðgerðarskyni eða til að styrkja fyrirtæki í almenningsþarfir.

49. gr.

Föst kvikmyndahús má ekki starfrækja í bænum nema með leyfi lögreglustjóra og bæjarstjórnar, og með þeim skilyrðum að því er útbúnað og loftrými snertir, sem hún tiltekur. Ákveður bæjarstjórn hve mikið gjald skuli greiða í bæjarsjóð fyrir leyfið, annað hvort árlega eða fyrir hverja sýningu. Lögreglustjóri getur veitt leyfi til að halda eina og eina kvikmyndasýningu utan fastra kvikmyndahúsa, og ákveður þá í samráði við bæjarstjóra gjald í bæjarsjóð.

50. gr.

Enginn má fyrir borgun halda opinbera samsöngva eða aðrar söngskemmtanir né heldur dansleiki, án leyfis lögreglustjóra.

51. gr.

Hver sá, sem samkvæmt framanskráðu hefur fengið leyfi til að halda sjónleik, dansleik, samsöng eða einhverja þá skemmtun eða sýningu, sem talin er hér að framan, er skyldur að sjá um, að ekkert það fari fram, sem brýtur í bága við reglur og velsæmi. Ef brestur verður á þessu er lögreglunni heimilt að slíta samkomunni og skipa áhorfendum og öðrum, sem viðstaddir eru, að fara í burtu. Einstökum mönnum, sem ítrekað gerast brotlegir, má banna aðgang. Lögreglustjóri

getur og fyrirskipað skoðun á kvikmyndum og bannað sýningu á myndum, sem hann telur skaðlegar og siðspillandi.

52. gr.

Sérhverjum, sem hefur sjúkling á heimili sínu, eða aðrar gildar ástæður eru fyrir hendi, er heimilt að krefjast þess, að engar almennar skemmtanir, sem háreisti er af, séu hafðar svo nærri húsi hans, að hætta eða tjörn geti af því hlotist.

IX. KAFLI

Um útivist barna og unglunga o.fl.

53. gr.

Börn yngri en 12 ára mega ekki vera á almannafæri eftir kl. 20.00, tímabilið 1. september til 30. apríl ár hvert og ekki eftir kl. 22.00 tímabilið 1. maí til 31. ágúst, nema í fylgd með fullorðnum, aðstandendum sínum eða umsjónarmönnum.

Unglingar yngri en 15 ára megna ekki vera á almannafæri eftir kl. 22.00 tímabilið 1. september til 1. maí og eftir kl. 23.00 1. maí til 1. september, nema í fylgd með fullorðnum, eða um sé að ræða beina heimferð frá skólaskemmtunum, íþróttasamkomu eða frá annarri viðurkenndri æskulýðsstarfsemi.

Hvers konar þjónusta við börn og ungmenni eftir löglegan útivistartíma, önnur en heimflutningur, er bönnuð að viðlagðri ábyrgð þess, er þjónustuna veitir. Handhöfum þjónustuleyfa er skylt að fylgjast með því, að ákvæði þessi séu haldin.

54. gr.

Ungmenni yngri en 16 ára er óheimill aðgangur og dvöl á almennum dansleikjum eftir kl. 20, öðrum en sérstökum unglíngaskemmtunum, sem haldnar eru af skólum, æskulýðsfélögum eða öðrum aðilum, sem til þess hafa leyfi og háðar eru sérstöku eftirliti. Forstöðumönnum dansleikja er skylt að fylgjast með því að ákvæði þessi séu haldin, að viðlögðum sektum og/eða missi leyfis til veitingahalds eða skemmtanahalds um lengri eða skemmri tíma.

55. gr.

Ungmennum yngri en 18 ára er óheimill aðgangur og dvöl á veitingahúsum, sem hafa leyfi til vínveitinga, eftir kl. 20, nema í fylgd með foreldrum, forráðamönnum eða maka. Veitingaleyfishafa er skylt að gæta þess, að ákvæði þetta sé haldið að viðlögðum sektum og/eða missi veitingaleyfi sinna um lengri eða skemmri tíma.

56. gr.

Þeir sem hafa forsjá eða foreldraráð barna og ungmenna skulu að viðlögðum sektum gæta þess, að ákvæði þessa kafla séu ekki brotin. Þá má einnig beita sakhæf ungmenni viðurlögum fyrir brot á þessum ákvæðum.

57. gr.

Bannað er að ungmenni innan 18 ára aldurs starfi á veitingahúsum og skemmtistöðum, þar sem ætla má, að siðferði þeirra að sérstök hætta búin.

58. gr.

Þegar sérstaklega stendur á, getur lögreglustjóri sett til bráðabirgða strangari reglur um útivist barna allt að 16 ára aldri. Lögreglustjóri getur og í sérstökum tilfellum veitt undanþágu frá ákvæðum þessarar greinar að fengnum tillögum barnaverndarnefndar.

Barnaverndarnefnd er skylt að vera lögreglunni til aðstoðar við að sjá um að ákvæðum þessum sé hlýtt.

59. gr.

Öll sala á tóbaki og tóbaksvörnum til barna innan 16 ára aldurs er óheimil.

60. gr.

Ef nauðsynlegt þykir eða óhjákvæmilegt að fela börnum eða ungmennum starf í frystihúsum, skipum eða annars staðar, þar sem vélar eða önnur hættuleg tæki eru staðsett og notuð, skal það því aðeins heimilt, að barnið sé yfir 14 ára og að foreldri, aðrir forráðamenn eða sérstakir trúnaðarmenn viðkomandi barnaverndarnefndar hafi tryggt eftirlit með högum barnsins við vinnuna. Í slíkum tilvikum séu börn eða ungmenni frekar höfð við úti- en innistörf og eingöngu á stöðum, þar sem auðvelt er að fylgjast nákvæmlega með þeim.

X. KAFLI

Um samgöngur við skip

61. gr.

Lögreglustjóri getur í samráði við barnaverndarnefnd, bannað börnum innan 16 ára aldurs umferð um bryggjur og ferðir út í sip og báta í höfninni, ef s' restök ástæða þykir til.

62. gr.

Telji lögreglustjóri þess þörf, til að halda upp velsæmi og góðri reglu, getur hann bannað allar samgöngur almennings við erlend skip.

XI. KAFLI.

Almenn ákvæði um hreinlæti og þrifnað

63. gr.

Umráðamönnum lóða er skylt að halda þeim hreinum og snyrtilegum. Verði misbrestur þar á og umráðamaður sinnir ekki tilmælum yfirvalda um úrbætur getur bæjarstjórn látið hreinsa lóðir eða lendur manna á þeirra kostnað.

64. gr.

Eigi má fleygja rusli, úrgangi eða öðru því, sem valdið getur óþrifnaði, óheilmæmi eða óþrýði á lóðir eða opin svæði. Olíusora, grút, fiskúrgangi eða annað rusl er óheimilt að losa í höfnina eða svo nærri landi, að það berist á fjörur. Innanbæjar má ekki kveikja í rusli eða sorptunnum.

65. gr.

Eigi má hafa á almannafæri neitt það, sem ódaun leggur af, og allri atvinnustarfsemi skal hagað á þann veg, að gufur, reykur eða óþefur valdi almenningi ekki óþægindum umfram það, sem óhjákvæmilegt er.

66. gr.

Forráðamenn fyrirtækja og stofnana skulu gæta þess, að lóðum og öðrum athafnasvæðum þeirra sé eftir föngum haldið hreinum og þrifalegum, allt jarðrask lagfært strax og aðstæður leyfa og ekkert það látið safnast þar fyrir að nauðsynjalausu, sem er til óprýði eða óþrifnaðar.

Úr vanrækslu í þessum efnum getur bæjarstjórn látið bæta á kostnað hlutaðeigandi fyrirtækis eða stofnunar. Sama gildir eftir atvikum um brot gegn ákvæðum 64. og 65. greinar.

67. gr.

Þeim aðilum, sem standa fyrir samkomum eða hátíðarhöldum á almannafæri, er skylt að fjarlægja allt rusl og lagfæra eftir föngum allt rask af völdum gesta sinna að samkomu eða hátíð lokinni. Skulu þeir sjálfir greiða af því allan kostnað.

XII. KAFLI

Um öryggisráðstafanir við verklegar framkvæmdir

68. gr.

Óheimilt er að gera skurði í gangstéttir eða götur, eða hefjast handa um nokkrar slíkar framkvæmdir, sem umferð fólks og ökutækja getur stafað hættu eða truflun af, nema til þeirra hafi verið aflað heimildar frá lögreglustjóra og bæjarstjóra.

Leyfi fyrir slíkum framkvæmdum má binda þeim skilyrðum, sem nauðsynleg eru talin, svo sem varúðarmerkingar, leiðsögn sérstaks eftirlitsmanns, framkvæmatíma og frágang að verki loknu.

69. gr.

Þegar byggt er hús eða annað mannvirki á almannafæri eða slíkt mannvirki rífið, skal skýra lögreglustjóra frá því áður en framkvæmd verksins hefst. Skylt er þeim, sem verkið vinnur, að haga sér eftir þeim fyrirmælum, sem lögreglustjóri gefur, til að afstýra farartálma eða hættu fyrir vegfarendur.

Grunna eða aðrar gryfjur skal ætíð girða og auðkenna tryggilega og skal sérstakrar varúðar gætt er slíkar gryfjur eru brattar eða djúpar eða í þær safnast vatn.

Umbúnaður byggingarpalla og annars útbúnaðar skal ætíð haga svo, að starfsmönnum eða vegfarendum stafi sem minnst hættu af.

Að vinnudegi loknum skal fjarlægja eða ganga tryggilega frá öllu efni eða tækjum, sem hættu gæti stafað af og loka mannvirki tryggilega fyrir allri umferð, strax er aðstæður gera slíkt mögulegt.

Allt jarðrask skal eftir föngum lagfæra og jafna, strax og aðstæður leyfa, og fjarlægja uppmokstur og annað afgangsefni.

70. gr.

Þegar börn eða ungmenni eru ráðin til starfa við verklegar framkvæmdir skal þess gætt, að þeim sé ætíð veitt greinargóð tilsögn og verkstjórn. Forðast skal að fela þeim stjórn hættulegra tækja eða störf við aðstæður, sem sérstök slyshætta fylgir eða þar sem heilsu þeirra er hættu búin.

XIII. KAFLI

Um staðargildi, refsíákvæði o.fl.

71. gr.

Samþykkt þessi gildir fyrir lögsagnarumdæmi Vestmannaeyja, þar með talin svæði utan skipulags og Úteyjar, eftir því sem við á.

72. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varðar sektum allt að kr. 60.000.00 ef ekki liggur við þyngri hegning að lögum. Ef kenna má yfirsjón er barn yngra en 15 ára drýgir, skorti á hæfilegri umsjón foreldra eða annarra, sem barninu ganga í foreldrastað, þá skal refsa þeim fyrir yfirsjónina en ekki barninu.

73. gr.

Mál, sem rísa út af brotum á samþykkt þessari, skulu sæta meðferð opinberra mála, og skulu sektir renna í bæjarsjóð. Hagnað af broti hins sakaða sem engin á löglegt tilkall til, má gera upptækan í bæjarsjóði.

Lögreglusamþykkt þessi, sem bæjarstjórn Vestmannaeyja hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 1 3. janúar 1890, sbr. lög nr. 67 28. nóvember 1919, um lögreglusamþykktir fyrir kaupstaðina, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi unnin lögreglusamþykkt fyrir Vestmannaeyjar nr. 41 31. mars 1928, reglugerð um hundahald í Vestmannaeyjum nr. 242 12. maí 1975 og samþykkt um búfjárhald í Vestmannaeyjum nr. 238 22. júlí 1974.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 18. júlí 1979.